



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 6. ágúst 2020

RMF18030004

4.4.4

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um uppsetningu pálmatrjáa í Vogabyggð - R19010428

Þann 25. júní lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins í borgarráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvað er að fréttu af pálmatrjánum í Vogabyggð? 1. Hvenær er áætlað að pálmatrjánnum verði plantað í Vogabyggð? 2. Hvað tefur framkvæmdina?

Þann 3. júlí sl. var ofangreind fyrirspurn send menningar- og ferðamálasviði til umsagnar. Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, veitti eftirfarandi svör:

Borgarráð samþykkti að fara skyldi fram raunhæfismat á framkvæmd við gerð listaverksins Pálmatré eftir Karen Sander sem rísa á í Vogabyggð. Í kjölfarið var umhverfis- og skipulagssviði falið að vinna úttekt og er áætlað að vinna hana með óháðum ráðgjafa í tengslum við hönnun Vörputorgs, þar sem verkinu er ætlaður staður. Gert er ráð fyrir að framkvæmd við gerð verksins, þ.m.t. að planta trjám, fylgi frágangi opinna svæða í hverfinu og er hönnun torgsins og uppbygging háð annarri uppbyggingu við torgið og unnin í samráði við lóðareigendur. Ekki eru tafir á framkvæmd.

Arna Schram

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs